

## Til atvinnuveganefndar Alþingis Umsögn um 42. mál á 144. löggjafarþingi

Sendandi:

Veiðifélag Þingvallavatns (kt. 590876-0389)

bt. Helgi Þórsson formaður

Kúrlandi 1

108 Reykjavík

### Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um eflingu ísaldarurriðans í Þingvallavatni, 42. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þingskjal 42

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að forsætisráðherra setji á laggirnar vinnuhóp sérfræðinga sem kanni leiðir til að efla viðkomu ísaldarurriðans í vatnakerfi Þingvallavatns og skili niðurstöðum fljótt til ráðherra. Talin eru upp fjögur verkefni hópsins, en gert ráð fyrir að sá listi sé ekki tæmandi.

**Stjórn Veiðifélags Þingvallavatns telur jákvætt að safnað sé saman þekkingu sem hefur þýðingu fyrir veiði í vatninu og að sú þekking verði notuð til að gera tillögur um aðgerðir til að byggja upp fiskistofna**, líkt og fram kemur í þremur fyrstu töluliðum tillögunnar. Miðað við þann tíma sem vinnuhópnum er ætlaður til að skila niðurstöðum virðist ekki gert ráð fyrir að hópurinn sjálfur standi fyrir sérstökum rannsóknum, en vinnan gæti samt gefið gott yfirlit yfir hvað er vitað og hvað þarf að rannsaka betur.

**Komi tillagan til framkvæmda er eðlilegt og gagnlegt að veiðifélagið eigi fulltrúa í vinnuhópnum.**

Fjórða verkefnið í upptalningu í tillögunni er annars eðlis en hin fyrri. Veiðireglur, sem hér er fjallað um, eiga að lögum farveg í veiðifélögum, eins og fram kemur í 37. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Veiðifélag Þingvallavatns, sem setur almennar veiðireglur fyrir vatnið, hefur átt mikil og góð samskipti við fræðimenn, en félagið þarf þó á endanum sjálft að veita og meta mismunandi sjónarmið þeirra<sup>1</sup> þegar að veiðireglum kemur. **Stjórn Veiðifélags Þingvallavatns telur nauðsynlegt að fjórði töluliður verði felldur brott úr tillögunni.**

Gert 20. maí 2015

f.h. Veiðifélags Þingvallavatns

Helgi Þórsson

---

<sup>1</sup> Í greinargerð með tillögunni sjálfri segir: "Miklu meiri rannsókn er þörf til að skilja flókna stöðu urriðastofnanna í vatninu og skapa þannig betri grunn aðgerða til að byggja þá upp". Við þær aðstæður er ekki hægt að krefjast þess að fræðimenn séu sammála.